Morgunbladid
AUGLÝSINGAR
22480

Morgunbladid

SILFUR-
SKEIFAN
BORÐSMJÖRLÍKI
SMJÖRLÍKIÐ
SEM ALLIR ÞEKKJA

MIÐVIKUDAGUR 29. ÁGÚST 1973

Önnur perlan
frá Víkingatímum
— sem finnst í Suðurgötu 5

FYRIR hálfum mánuði fannst í uppgreftinum að Suðurgötu 5 perla frá víkingatímanum. Hún er önnur perlan, sem finnst þarna, en hin fannst í fyrrasumar.

Fornleifafræðingar aldursákvarða perluna eftir gerð hennar og fundarstað miðað við ösku lag, sem þarna er.

Perlurnar voru notaðar til skrauts hjá konum. Í barmi þeirra héngu silfurspennur og

Framhald á bls. 31.



Lífið í Stallaþorpi á Akureyri. — Sjá bls. 10. — (Ljósm. Mbl.: Sv. P.)

Flateyri:

Stoðunum kippt undan flugi Vængja

Flateyri, 27. ágúst.

SEM kunnugt er hefur Flugfélagið Vængir h.f. flogið til Flateyrar og Þingeyrar undanfarin ár, án þess að hafa sérleyfi á flugi til Þingeyrar. Þegar svo fréttist að Flugfélag Íslands hefði sótt um einkaleyfi á farþegaflugi til Þingeyrar sendi hreppsnefnd Flateyrarhrepps, fyrrv. samgöngumálaráðherra svohljóðandi skeyti:

„Hr. samgöngumálaráðherra, Hannibal Valdimarsson. Hreppsnefnd Flateyrarhrepps vill hér með skora á yður, að þér reynið að sjá svo um, að aðstaða Vængja h.f. verði ekki á neinn hátt skert þannig, að Vængir h.f. geti ekki, hér eftir sem hingað til haldið uppi áætlunarflugi til Önundarfjarðar, en sú þjónusta er byggðarlaginu lífsnauðsynleg." Þetta skeyti var sent 28. júní sl.

Svarskeyti barst frá ráðherranum daginn eftir 29. júní og var það svohljóðandi: „Ráðuneytið hefur hvorki skert, né hef ur í hyggju að skerða aðstöðu

Framhald á bls. 31.

Viðræður við Vestur Þjóðverja

ÁKVEÐIÐ er að viðræður um landhelgismálið fari fram í Þýzkalandi milli íslenzku og v-þýzku ríkisstjórnarinnar í næstu viku. Af Íslands hálfu taka þátt í umræðunum ráðherrarnir Lúðvík Jósepsson, Einar Ágústsson og Magnús Torfi Ólafsson. Ekki er vitað hverjir taka þátt í viðræðunum af hálfu V-Þjóðverja.

Kjöt hækkar um allt að 40%:

Kíló af súpukjöti kostar nú 283,00 krónur
Kjöt vantar í flestar verzlanir í Rvík en nóg er til úti á landi

SUMARSLÁTRUN dilka hófst í gær á Selfossi, Borgarnesi og á Svalbarðsströnd, og á nýtt kjöt þá að verða komið í verzlanir í dag. Verð á kjöti hækkar mikið frá því í fyrra, en mun lækka aftur 9. sept. nk.

Ingi Tryggvason hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins sagði í gær, að fyrra verðtímabilið yrði frá 29. ágúst til 8 september og það síðara frá 9. september fram að haustslátrun.

Verð á helztu tegundum dilkakjöts verður, sem hér segir, og er þá miðað við 1. verðflokk: — súpukjöt kr. 283,00 kílóið á fyrra verðtímabilinu og kr. 253,00 á því síðara, læri heil eða niðurskorin kr. 292,00 á fyrra tímabilinu og kr. 263,00 á því síðara, hryggir kr. 299,00 kílóið á fyrra tímabilinu og kr. 270,00 á því síðara, kótilettur kr. 328,00 kílóið á fyrra tímabilinu og kr. 300,00 á því síðara.

Í fyrra kostaði súpukjöt af sumarslátruðum dilkum kr. 205, kílóið og læri kr. 213,50. — Ingi sagði þó, að þetta væri ekki alveg raunhæfur samanburður, þar sem verðtímabilin hefðu skipzt öðruvísi í fyrra.

Um kjötskortinn, sem verið hefur í Reykjavík, sagði Ingi, að nokkuð væri enn til af kjöti í landinu. Það væri reyndar gengið til þurrðar hjá þeim verzlunum, sem ekki hefðu verið svo for sjálar að birgja sig upp. Þá væru til hátt í tvö hundruð lestir af ungnautakjöti, en lítið væri til af vinnslukjöti. Kjöt ætti þó að

Framhald á bls. 31.

Leitin að Ara ber ekki árangur
Lífbeltin skilin eftir í landi

LEIT að Ara Hermannssyni, sem drukknaði í Hópinu í fyrra dag var haldið áfram í gær, en án árangurs.

Fimm froskmenn hafa leitað í vatninu og að auki hefur verið leitað á níu bátum, þá hafa fjörur verið gengnar, en talið er að um 70 manns hafi tekið þátt í leit inni í gær. Leitarveður var ágætt eftir hádegi í gær, og í dag á að halda leit áfram.

Komið hefur í ljós að mennirn ir fóru á bátnum án björgunarvesta, fundust þau í landi eftir að þeirra var saknað.

Vöruskiptajöfnuðurinn:

Óhagstæður um 1300 milljónir króna
— var óhagstæður um 80 millj. kr. í júlí

ÚTFLUTNINGUR landsmanna í júlímánuði nam alls 2.296,7 millj. kr., en innflutningur nam 2.376,5 millj. kr. Vöruskiptajöfnuðurinn við útlönd var því óhagstæður í júlímánuði um 79,8 millj. kr.

Í fréttatilkynningu frá Hagstofu Íslands segir, að fyrstu sjö mánuði ársins hafi verið fluttar út vörur fyrir alls 15.755,7 millj. kr., en inn fyrir 17.034,0 millj. kr. Vöruskiptajöfnuðurinn er því óhagstæður fyrstu sjö mánuði ársins um 1.278,3 millj. kr.

Ál og álmelmi var flutt út fyr ir 343,8 millj. kr. í mánuðinum. Inn voru fluttar flugvélar fyrir sjö millj. kr., til framkvæmda Landsvirkjunar voru fluttar inn vörur fyrir 2,6 milljónir kr. og til Íslenzka álfélagsins h.f. fyrir 1,1 milljón króna.

HUNDRUÐ MILLJÓN KRÓNA VERÐMÆTI
— á frímerkjasýningu á Kjarvalsstöðum

(Sjá grein um sýninguna á bls. 14).

FRÍMERKIN, sem sýnd verða á frímerkjasýningunni ÍSLANDIA 73, sem verið er að setja upp á Kjarvalsstöðum, eru metin á hundruð milljóna og segja kunnugir að í raun séu mörg merkin ómetanleg, þar sem eigi er unnt að bæta merkin, glatist þau. Vátryggingaupphæð sýningarmerkjanna eru um 100 milljónir ísl. króna, sem eflaust er allt of lítil fjárhæð, þar sem safn Svía nokkurs, sem sýnir það á sýningunni, var tryggt á leið þess til landsins fyrir rúmlega 43 millj. króna.

Mörg merk frímerkjasöfn eru á sýningunni og í heiðursdeild sýna Sir Athelstan Carö, Ambjörn Falk, sem er dulnefni, Folmer Östergaard og Kintzell Frö strup. Þá sýnir Póst- og símamálastjórnin frímerkjasafn sitt, þar á meðal safn Hans Hals, sem Póst- og símamálastjórnin keypti árið 1946 yfrir 115 þúsund sænskar krónur, sem á nú-

Framhald á bls. 31.